



Náms- og kennsluáætlun - Haust 2026

HAND2FY05

Kennari	Elísabet Kristófersdóttir, elisabet.kristofersdottir@fss.is		
Viðtalstími	Föstudagar 10:25-11:20		
Námsefni	Kennari útvegar hráefni í skylduverkefni en nemendur kaupa eða útvega sjálfir í lokaverkefnið. Efnisgjald er 3000 kr.		
Áfangalýsing	Í áfanganum er lagt upp úr sköpunargáfum nemenda. Nýta gamalt og gera eitthvað nýtt. Nemendur vinna nokkur minni verkefni og í lokin hanna þau frjálst verkefni (eitt stórt eða tvö minni). Verkefnamöppu er skilað. Nemendur þurfa að temja sér vönduð og sjálfstæð vinnubrögð.		
Námsmat og vægi námsmatsþátta	Nemendur vinna föst verkefni og prufur með hinum ýmsu textílaðferðum. Einkunn er gefin fyrir verkefnin sem er haldið saman í möppu. Matið byggir á umfangi, erfiðleikastigi og vandvirkni.		
	Símatsáfangi ☒	Lokapróf ☐	Sleppikerfi ☐
	Heiti	Vægi	
	Veski eða taska með verklýsingu og teikningu	10%	
	Hálsmen með verklýsingu og teikningu	10%	
	Fatnaður- sjal, hetta, trefill eða svipað	10%	
	Bolur í nýtt með verklýsingu og teikningu	10%	
	Sjálfstæð vinnubrögð	10%	
	Hugmyndavinna/hugmyndabók	10%	
	Lokaverkefni ásamt verklýsingu og teikningu	30%	
	Virkni	10%	
	Reglur áfanga	Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara.	
Annað sem kennari vill láta koma fram	Nemendur bera ábyrgð á að fylgjast með mætingum og hafa einn sólarhring fyrir athugasemdir við tímasókn. Matvæli ekki leyfð í kennslustund en það má borða nesti í kennslustofunni í frímínútum		

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: - mismunandi möguleikum á ýmsum textílaðferðum - mikilvægi frágangs á eigin verkefnum - tengslum á milli ólíkra handverksaðferða	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: - vinna með grunnaðferðir í ýmsum textíl - tengja saman ólíkt handverk og koma þeim frá sér sem einni heild - semja vinnulýsingu sem er nothæf fyrir utanaðkomandi
Hæfni	
Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: - leita nýrra hugmynda til að iðka handmenntir - geta yfirfært hugmynd sína yfir í unninn hlut - útfæra verkefnin eftir vinnulýsingu - vanda frágang og vinnubrögð	

Grunnþættir menntunar	Læsi í fatahönnun felur í sér að nemendur læra að lesa í form, liti, snið og tísku ásamt því að tjá hugmyndir sínar á skapandi hátt með skissum, sniðagerð og saumaskap. Þeir efla sjónrænt læsi, sköpunargáfu og hæfni til að þróa og miðla eigin hönnun.
	Sjálfbærni í fatahönnun felur í sér ábyrga nýtingu efna, endurvinnslu og minni sóun. Nemendur læra um áhrif tísku á umhverfi og samfélag og þjálfast í að taka meðvitaðar og skapandi ákvarðanir í hönnunarferlinu.
	Heilbrigði og velferð í fatahönnun felur í sér jákvætt og skapandi vinnuumhverfi þar sem áhersla er lögð á öryggi, vellíðan, góða líkamsbeitingu og sjálfstraust nemenda.
	Lýðræði og mannréttindi í fatahönnun felast í því að nemendur læra að virða ólíkar hugmyndir, vinna saman og taka ábyrgð á eigin námi og sköpun. Áhersla er lögð á jafnræði, virðingu og að allir fái tækifæri til að tjá sig og þróa eigin stíl og hugmyndir.
	Jafnrétti í fatahönnun snýst um að allir nemendur hafi sömu tækifæri til að nýta hæfileika sína og tjá sig á sinn hátt. Lögð er áhersla á virðingu fyrir fjölbreytileika og jafnræði í bæði námi og skapandi vinnu, óháð kyni, uppruna eða getu.
	Sköpun í fatahönnun felur í sér að nemendur þróa hugmyndir og lausnir með gagnrýnninni hugsun, frumleika og tilraunum.

Vinnuáætlun		
Tímasókn	16 vikur x 4 klst,	64 klst.
Verkefnavinna í hugmyndabók	16 vikur x 1 klst,	16 klst.
Undirbúningur	15 vikur x 1 klst.	15 klst.
Eigið verkefni	16 klst.	16 klst.
Alls		111 klst. = 5 ein

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 19.-21. ágúst	Kynning á áfanga	
2. vika 24.-28. ágúst	Hugmyndavinna	
3. vika 31. ágúst-4. september	- Sniðagerð og vinnuáætlun. - Saumur	Veski, taska eða svipað
4. vika 7.-11. september	- Saumur - Ný hugmyndavinna og vinnuáætlun	Fatnaður
5. vika 14.-18. september	- Ný hugmyndavinna og vinnuáætlun - Saumur	
6. vika 21.-25. september	Saumur	
7. vika 28. september-2. október	Bolur verkefni - nemendur vinna með 2 stk	Bolur x 2
8. vika 5.-9. október	Bolur verkefni - nemendur vinna með 2 stk	
9. vika 12.-16. október <i>Námsmatsdagur 12. okt.</i> <i>Miðannarmat 13. okt.</i>	Stoðvika – klára allt óklárað	
10. vika 19.-23. október <i>Vetrarleyfi 23. október</i>	Hálsmen, armband eða annað skart	Hálsmen
11. vika 26.-30. Október <i>Vetrarleyfi 26. október</i>	Hálsmen, armband eða annað skart	
12. vika 2.-6. nóvember	Hugmyndavinna - lokaverkefnið	Nemendur fá þessa viku til þess að kaupa í lokaverkefnið
13. vika 9.-13. nóvember	Lokaverkefni	Nemendur fylgja eigin framkvæmdaáætlun í verkefni.
14. vika 16.-20. nóvember	Lokaverkefni	
15. vika 23.-27. nóvember <i>Dimissio 27. nóvember</i>	Nemendur vinna í lokaverkefni og hefja lokafrágang	
16. vika 30. nóvember-4. desember	- Klára og gera möppuna - Frágangur	

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Elísabet Inga Kristófersdóttir